

# STARFSLEYFI

## fyrir brennslustöð á Vatneyri og urðunarstað í Vatneyrarhlíðum við Patreksfjörð.

*Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði  
laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI.

- 1.1 Starfsleyfi þetta veitir Vesturbyggð heimild til brennslu flokkaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í brennslustöð á Vatneyri á Patreksfirði, og urðun á brennsluleifum og óbrennanlegum heimilis- og rekstrarúrgangi á Vatneyrarhlíðum utan og ofan við Patreksfjarðarkaupstað eins og nánar er kveðið á um í starfsleyfi þetta. Vesturbyggð er hér eftir nefndur rekstraraðili.  
Heimilt er að brenna allt að 1 tonni af úrgangi á klst, eða 1400 tonnum af úrgangi á ári, og að urða allt að 300 tonnum af brennsluleifum og óbrennanlegum úrgangi á ári.
- 1.2 Fara skal þannig með allan úrgang til endurnýtingar, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði. Rekstraraðila er skylt að sjá um að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæði stöðvarinnar og á urðunarstað. Rekstraraðila ber að gera eftirlitsaðila viðvart eins fljótt og unnt er, komi til meiriháttar óhapps, t.d. ef mengunarefni berast út í umhverfið sem gætu stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, eða komi til lengri stöðvunar reksturs vegna ófyrirséðra atvika.
- 1.3 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.4 Áformi rekstraraðili að gera umtalsverðar breytingar á rekstri, að mati Hollustuverndar ríkisins, eða stækka brennslustöðina, skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.5 Verði mengun af rekstri rekstraraðila umfram mörk í grein 4.2.2 (brennsla) og í grein 4.3.2 (urðun), ber rekstraraðila að stöðva þá mengun.
- 1.6 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal ekki vera meiri en 70 dB(Leq). Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka hávaðamörkin um 5 dB (Leq). Að öðru leyti skal gætt ákvæða um varnir gegn hávaða, sbr reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

- 1.7 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila og sveitarfélagið Vesturbyggð við meðhöndlun úrgangs, t.d. flutning, skulu hafa til þess öll tilskilin leyfi.
- 1.8 Innan eins árs frá gildistöku starfsleyfis þessa og síðan að jafnaði árlega skal Hollustuvernd ríkisins boða rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða á samráðsfund. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu og önnur atriði sem fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða. Samskonar fund skal halda a.m.k. ári áður en starfsleyfi þetta fellur úr gildi.
- 1.9 Með eftirlit og mengunarmælingar eftir að starfsemi lýkur skal fara skv. ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit eða annara laga og reglugerða þegar við á undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Hætti rekstraraðili framkvæmdum og/eða starfssemi á gildistíma starfsleyfis þessa skal rekstraraðili ganga frá lóð, urðunarstaðnum, efnum, vélum, tækjum og búnaði sem tengjast starfsseminni í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, sbr. 5. kafla starfsleyfis þessa.
- 1.10 Ef annað er ekki tekið fram skal rekstraraðili starfa í samræmi við lýsingar í umsókn um starfsleyfi. Minni háttar breytingar eru þó heimilar í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Breytingar mega þó ekki hafa í för með sér aukna mengun eða aðra truflun á umhverfi af völdum starfseminnar.
- 1.11 Rekstraraðili skal tilnefna/skipa fulltrúa sem eftirlitsaðilar geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma hennar.
- 1.12 Rekstraraðila er ætlað að setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim á starfsleyfistímabilinu. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

## **2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR OG ENDURVINNSLU**

- 2.1 Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna skal rekstraraðili vinna markvisst að nýtingu úrgangsefna, t.d. með nýtingu brennsluvarma, endurvinnslu og jarðgerð á þjónustusvæði Vesturbyggðar.
- 2.2 Rekstraraðili skal upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna sem og spilliefni og hættuleg efni, samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang sem rekstraraðili getur tekið á móti. Undir endurvinnanlegan úrgang fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, plast, brotamálmur, spilliefni og hættuleg efni.

- 2.3 Rekstraraðili skal tryggja að úrgangsefni fari í viðeigandi endurvinnslu/endurnýtingarfarveg eins og kostur er.
- 2.4 Heilbrigðisnefnd Vestfjarða annast útgáfu starfsleyfis fyrir móttöku á spilliefni og endurvinnslu úrgangs, annað en brennslu úrgangs, í samræmi við 8. lið í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999 um starfleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

### **3. ÁKVÆÐI TIL MENGUNARVARNAR YTRA UMHVERFIS.**

#### **3.1. Aðbúnaður við brennslustöð**

- 3.1.1 Rekstraraðila er heimilt að brenna flokkuðum úrgangi í þar til gerðu brennslukerfi (brennslustöð), sbr. gr. 1.1. Óheimilt er að brenna úrgangi sem flokkast sem spilliefni.
- 3.1.2 Geymsla úrgangs til brennslu skal vera í samræmi við gr. 1.2. í starfsleyfi þessum.
- 3.1.3 Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er brennslu þeirra óheimil. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til brennslu. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast brennslustöðinni. Hann getur einnig krafist úrgangshafa um að leggja fram gögn, þegar því verður við komið, til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði brenndur. Meðferð á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis.
- 3.1.4 Við starfsaðstöðu rekstraraðila skal vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fer fram.
- 3.1.5 Brennslustöðin skal búin eftirbrennslubúnaði. Nýta skal brennsluvarma eftir því sem kostur er á.
- 3.1.6 Hæð reykháfs skal vera að lágmarki 25 metrar og hraðan á útblæstri minnst 20 m/s. Hollustuvernd getur hins vegar krafist hærri reykháfs og/eða meira útblásturshraða ef mengun fer yfir viðmiðunarmörk á þynningarsvæði.
- 3.1.7 Aska og gjall frá brennslustöðinni skulu endurnýtt, eftir því sem unnt er, eða urðað á urðunarstað við Vatneyrarhlíðar á Patreksfirði.
- 3.1.8 Safna skal fráveituvatni og leiða í olíuskilju þar sem olía og fíta eru hreinsuð úr vatninu áður en því er veitt í fráveitu eða viðtaka. Mæla og skrá skal vökvahæð í olíuskilju reglulega eftir þörfum en a.m.k. tvisvar á ári. Hreinsa skal olíuskilju reglulega eftir þörfum.

- 3.1.9 Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum búnaði brennslustöðvarinnar. Beita skal bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina brennslustöðvarinnar.
- 3.1.10 Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Mengunarvarnarbúnaður vegna hættulegra efna skal vera samþykktur af Hollustuvernd ríkisins.
- 3.1.11 Við gangsetningu brennslustöðvarinnar skal einungis nota eldsneyti sem samsvarar gasolíu, sbr. reglugerð nr. 784/2001 um fljótandi eldsneyti.

### **3.2 Aðbúnaður á urðunarstað**

- 3.2.1 Rekstraraðila er heimilt að urða ösku og gjall frá brennslustöðinni, sem ekki er hægt að endurnýta, og eins óvirkan úrgang, á urðunarstað við Vatneyrahlíðar. Óheimilt er að urða úrgangi sem flokkast sem spilliefni.
- 3.2.2 Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðila kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Hann getur einnig krafist úrgangshafa um að leggja fram gögn, þegar því verður við komið, til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður. Móttöku á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis, sbr. gr. 2.4 í starfsleyfi þessum.
- 3.2.3 Losun úrgangsefna á urðunarstað skal einungis fara fram undir eftirliti starfsmanna rekstraraðila. Rekstraraðila skal af fremstu megni fyrirbyggja fok úrgangsefna á urðunarsvæðinu. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal byrgður samdægurs. Berist engu að síður fokefni frá urðunarstaðnum í umhverfið ber rekstraraðila að fjarlægja því eftir þörfum.
- 3.2.4 Hindra skal aðgang manna og skepna að urðunarsvæðinu með girðingu. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgangstíma. Við starfsaðstöðu rekstraraðila skal vera skilti með greinilegri áletrun um afgangstíma og hvar móttaka einstakra efna fer fram. Hollustuvernd ríkisins og/eða Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða getur krafist breytinga, lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir m.a. til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.
- 3.2.5 Á urðunarstað er rekstraraðila heimilt að hafa geymslugryfjur, þ.e. sérstakar urðunarreinar til geymslu á úrgangi sem kann að nýtast seinna, svo sem pappír, pappa, plasti, timbri, brotajárni o. fl. Slíkar geymslugryfjur skulu vera innan afmarkaðs svæðis á urðunarstað

og sérstaklega merktar hvor um sig. Koma skal í veg fyrir að mengun frá þeim berst í umhverfið.

- 3.2.6 Fullnægjandi frágangur skal vera á urðunarstarfsemi og merkja skal skipulag á urðun inn á uppdrátt urðunarstaðarins. Rekstraraðili leggur fram áætlun um endurskipulag og nauðsynlegar endurbætur urðunarsvæðis á fyrstu starfsári starfsleyfis og starfi samkvæmt henni.
- 3.2.7 Óheimilt er að brenna úrgang á urðunarstað.
- 3.2.8 Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er ávallt óheimil.
- 3.2.9 Heimilt er að gera tilraunir á urðunarsvæðinu með endurvinnslu, t.d. jarðvegsmyndunar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, sbr. þó gr. 1.2. Eftirlitsaðili annast starfsleyfisútgáfu fyrir slíkan endurvinnslu.

## **4. MÆLINGAR OG EFTIRLIT**

### **4.1 Almenn um mælingar og eftirlit**

- 4.1.1 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Nákvæmt mat á niðurstöðum og samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er. Á grundvelli mengunarmælinganiðurstæðna skal ákveðið hvort ástæða sé til að grípa til viðeigandi mengunarvarna. Tíðni mælinga og umfang þeirra skulu endurskoðuð, ef rekstraraðili, Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða telja ástæðu til. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 4.1.2 Fullnægjandi sýnatökuaðstaða skal vera til staðar vegna mengunarmælinga, í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Vestfjarða.
- 4.1.3 Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess aðila sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.
- 4.1.4 Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar, unnið úr þeim og þær settar fram á viðeigandi hátt svo að eftirlitsaðili geti gengið úr skugga um að farið sé að þeim skilyrðum sem sett hafa verið. Hvað varðar mælingar sem gerðar eru með reglulegu millibili skal rekstraraðili gera viðeigandi mælingaáætlanir til að tryggja að niðurstöðurnar gefi rétta mynd af venjulegu magni útblásturs þeirra efna sem um ræðir. Niðurstöðurnar verða að gera það kleift að hægt sé að ganga úr skugga um hvort farið hafi verið eftir gildandi losunarmörkum. Niðurstöður mengunarmælinga skal

senda Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þegar þær liggja fyrir, sbr. gr. 4.1.5.

- 4.1.5 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. mars ár hvert, í formi samantektar fyrir síðasta almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða upplýsingar um eftirfarandi:

- sýnatökur og mælingar á mengunarefnum í útblæstri brennslustöðvarinnar
- niðurstöður mælinganna
- magn og tegundir úrgangs sem berast brennslustöðinni
- magn og tegundir úrgangsefna sem fargað er á öðrum athafnasvæðum rekstraraðila en brennslustöðinni
- magn og tegundir úrgangs sem fer í endurvinnslu

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

## 4.2 Brennslustöð

- 4.2.1 Rekstraraðili skal mæla eða láta mæla einu sinni á ári mengunarefni í útblásturslofti sbr.gr. 4.2.2 og einu sinni á fjögurra ára fresti mengunarefni í ösku frá brennslustöðinni sbr. gr. 4.2.3. Jafnframt skal mæla mengunarefni í útblásturslofti við upphaf reksturs, eftir að prófanir á tækjabúnaði hafa farið fram.
- 4.2.2 Reka skal brennslustöðina samkvæmt reglugerð nr. 808/1999 um sorpbrennslustöðvar. Eftirfarandi viðmiðunarmörk skulu gilda í útblásturslofti úr reyksháf brennslustöðvarinnar, miðað við brennslu <1 tonn/klst.:

Samtals ryk	200 mg/Nm <sup>3</sup> (mánaðarmeðaltal).
Vetnisklórið (HCl)	250 mg/Nm <sup>3</sup> (meðaltal mælilotu)
Kolmónoxíð (CO)	100 mg/Nm <sup>3</sup> (klukkutímameðaltal)
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	20mg/Nm <sup>3</sup> (meðaltal mælilotu)
Díoxín og furön	0,1 ng/ Nm <sup>3</sup> (meðaltal 6-8 kls)

- 4.2.3 Mæla skal eftirfarandi þungmálma í ösku frá brennslustöðinni: kopar (Cu), króm (Cr), kvikasilfur (Hg), arsen (As), nikkell (Ni), blý (Pb) og kadmíum (Cd).
- 4.2.4 Ef mælingarnar sýna óviðunandi mengun umfram viðmiðunarmörk skv. grein 4.2.2, er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krafist að mengunarefni í útblæstri verði mæld með styttra millibili en kveðið er á um í gr. 4.2.1 og/eða endurskoða greinar 3.1.1, 3.1.3 og 3.1.6, þess með það fyrir augum að mengun frá brennslustöðinni verði innan viðmiðunarmarka.

- 4.2.5 Stöðugt skal mæla hitastig í brennsluhólfi fyrir úrgang og hitastig og súrefni í eftirbrennsluhólfi.
- 4.2.6 Starfsmaður rekstraraðila skal hafa góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum brennslustöðvarinnar og urðunarstaðar. Hann skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og öllum lögum og reglugerðum sem nefnd eru í þessu starfsleyfi skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

### 4.3 Urðunarstaður

- 4.3.1 Kanna skal á fyrstu ári eftir útgáfu starfsleyfis þessa og síðan árlega hvort mengunarefni frá urðunarstaðnum berast eða hafa borist í umhverfið. Mæla skal útvalda þungmálma sbr. gr. 4.3.2, í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Tíðni mælinga og umfang þeirra skulu endurskoðuð, ef rekstraraðili, Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða telja ástæðu til. Á grundvelli þessarar könnunar skal ákveðið hvort ástæða sé til að grípa til viðeigandi mengunarvarna.
- 4.3.2 Greina skal eftirfarandi efni og eðlisþætti í vatnssýnum frá urðunarstaðnum:

Efni	Losunarmörk
Kadmíum	0,05 mg/l
Kvikasilfur	0,03 mg/l
Blý	0,2 mg/l
Króm	0,5 mg/l
Kopar	0,5 mg/l
Nikkel	0,5 mg/l
Arsen	0,15 mg/l
Súrefnisþörf (COD)	200 mg/l
AOX	0,2 mg/l

Sýrustig (pH)  
Hitastig (°C)  
Leiðni (uS/cm)

### 5. GJALDSKYLDA.

Starfsemi rekstraraðila er í 2. flokki samkvæmt fylgiskjali 1 reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og greiðir rekstraraðili Hollustuvernd ríkisins gjald vegna vinnslu, útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins sem umhverfisráðherra staðfestir.

Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá eftirlitsaðila, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit. Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar 786/1999 um mengunarvarnareftirlit, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnunarinnar, auk ferðakostnaðar.

## 6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta er gefið út á Vesturbyggð, kennitala 510694-2369, vegna brennslu og urðunar úrgangs. Starfsleyfi þetta gildir til tíu ára og öðlast gildi við undirskrift.

### **Bráðabirgðarákvæði.**

Innan eins árs frá lögleiðingu urðunartilskipunar 31/1999/EB hér á landi ber rekstraraðila að semja og leggja fyrir Hollustuvernd ríkisins til samþykktar áætlun um breytingar á urðunarstaðnum, þar á meðal upplýsingar sem taka til þeirra atriða sem talin eru upp í 8. gr. tilskipunarinnar og sérhverjar aðgerðir til úrbóta sem rekstraraðili telur nauðsynlegar til þess að uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í tilskipuninni.

Að lokinni kynningu á breytingaráætluninni skal Hollustuvernd ríkisins taka endanlega ákvörðun um það hvort heimild sé að halda rekstri áfram á grundvelli fyrrgreindrar breytingaráætlunar og tilskipunarinnar. Á grundvelli samþykktar breytingaráætlunarinnar skal Hollustuvernd ríkisins heimila þá vinnu sem nauðsynleg er og mæla fyrir um aðlögunartíma til að ljúka framkvæmd áætlunarinnar.

Reykjavík, 18. desember 2002

## **HOLLUSTUVERND RÍKISINS MENGUNARVARNASVIÐ**

Davíð Egilson,  
Forstjóri

Helgi Jensson,  
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs